

**LÖG****um breytingu á lögum nr. 54/1990, um innflutning dýra.**

FORSETI ÍSLANDS

*gjörir kunnugt:* Alþingi hefur fallist á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

2. mgr. 9. gr. laganna orðist svo:

Sóttvarnardýralæknir sóttvarnastöðvar skal ráðinn af landbúnaðarráðherra, að fengnum tillögum yfirdýralæknis, og skal hann fá sérstakt erindisbréf. Sóttvarnardýralækni er einungis heimilt að stunda lækningar dýra utan sóttvarnastöðvar með leyfi landbúnaðarráðherra og samkvæmt reglum sem yfirdýralæknir setur.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

*Gjört í Reykjavík, 18. maí 1992.***Vigdís Finnbogadóttir.**

(L. S.)

---

*Halldór Blöndal.*

Nr. 57

2. júní 1992

**LÖG****um breytingu á höfundalögum, nr. 73 29. maí 1972,****sbr. lög nr. 78 30. maí 1984.**

FORSETI ÍSLANDS

*gjörir kunnugt:* Alþingi hefur fallist á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

Við 1. gr. laganna bætist ný málsgrein er verður 4. mgr., svohljóðandi:  
Ákvæði 3. mgr. skulu einnig gilda um tölvuforrit.

2. gr.

Við 1. mgr. 8. gr. laganna bætist: Þá skal einnig í þeim tilvikum, þegar verulegur og samfelldur flutningur verka eða umfangsmikil fjölföldun eða útleiga hefur átt sér stað, talið að flutt hafi verið, leigð út eða fjölfjölduð verk sem vernduð eru að höfundalögum nema annað verði í ljós leitt.

3. gr.

2. mgr. 11. gr. laganna orðast svo:

Ákvæði 1. mgr. veita ekki rétt til:

1. mannvirkjagerðar eftir verki sem verndar nýtur eftir reglum um byggingarlist,